

1861.

21. marz.

ársreikningar eru samdir, og að gæta þess, að í næstu reikningum, sem samdir eru, eptir að hinir fyrri reikningarnir eru á enda kljaddir, verði gjörð grein fyrir þeim breytingum, er á þeim hafa orðið, þá er útgjört var um þá, og 2. að kostnaður sá, er af þessu rís, gjaldist af eigum sjálfra sjóðanna og stofnananna.

Um leið og dómsmálastjórnin birtir yður þetta, herra (tit.), skorar hún á yður að gjöra þær ráðstafanir, er með þarf, samkvæmt þessum allrahæsta úrskurði.

1. aprilm.

15. Tilskipun um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland.

Vér Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Hin nýja jarðabók fyrir Ísland, er samin hefir verið samkvæmt tilskipun 27. maí 1848, 1. gr., skal öðlast lagagildi 6. dag júnímánaðar 1862.

2. gr.

Eptir þessari hinni nýju jarðabók skulu greiddir skattar, tollar og gjöld þau til almennings þarfa, er eptir þetta kunna að verða lögð á jarðir á Íslandi; einnig skal upp frá þeim degi, sem að ofan er nefndur, heimta og greiða allar tíundir af jörðum á Íslandi eptir þeim dýrleika, sem á hverja jörð er settur í hinni nýju jarðabók; þó áskilst þeim prestum, sem eru í kallinu þegar hin nýja jarðabók öðlast lagagildi, réttur til að taka preststíund sína af jörðunum eptir hinum eldri dýrleika jarðanna, ámeðan þeir eru í því sama kalli, svo framt

jarðartíundin er á þann hátt rífari, en ef hún væri reiknuð
eptir hinni nýju jarðabók.

1861.
1. apríl.

3. gr.

Þeim hluta alþingiskostnaðarins, sem lagður er á jarðirnar, skal jafna niður á sama hátt og að undanfögnu, þangað til öðruvísi verður ákveðið.

4. gr.

Þegar 20 ár eru liðin frá því, að hin nýja jarðabók öðlast lagagildi, skal það tekið til yfirvegunar, hvort ástæða sé til að leggja hana undir almenna endurskoðun.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Ástæður¹.

Samkvæmt konungsúrskurði 27. maím. 1859 var lagt fyrir alþing það ár frumvarp til tilskipunar um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland, ásamt jarðabókarfrumvarpi, er að síðustu hafði verið samið í dómsmálastjórninni.

Af þegnlegu álitsskjali alþingis um málefni þetta sést, að þingið með 17 atkvæðum móti 8 hefir fallið á, að við hafður sé einn mælikvarði á öllu landinu til að finna dýrleik hverrar jarðar, en ekki sinn mælikvarði fyrir hvert amt, eins og alþingi stakk upp á 1857, og að þingið með 19 atkvæðum gegn 5 hefir fallið á að mæla með því, að frumvarpið til tilskipunar um löggilding nýrrar jarðabókar, þarsem hundraðatalan væri þannig reiknuð, yrði gjört að lögum, þó með þeim breytingum, er nú skal greina:

1. að í 1. grein sé ákveðið að jarðabókin fái lagagildi 6. júním. 1863, og að bætt sé við þessa grein þeirri ákvörðun: „að stjórnin hlutist til, að hið nýja jarðabók frumvarp verði sem fyrst gjört þjóðinni kunnugt, að þjóðinni gefist kostur á að benda

¹) Smbr. alþ.tíð. 1859. 11., 15.—16., 877.—947., 1118.—1161., 1164.—1181., 1821.—1824. bls.; viðb. A 16.—22. bls.

1861.

1. aprílm.

á þá helztu galla, sem þykja vera á jarðamatinu, og að stjórnin síðan á baganlegasta hátt lagfæri þá, þar sem ástæða þykir til vera."

2. að í stað síðari hluta 2. greinar, frá orðunum: „þó áskilst þeim prestum eptir hinni nýju jarðabók"¹, verði sett: „Þó áskilst þeim prestum og sýslumönnum, sem eru í embættum þegar hin nýja jarðabók öðlast lagagildi, að fá endurgoldið af rikissjóði það, sem þeir missa í við breyttinguna á tíundargjaldinu".

3. að fyrri kafli 3. greinar falli burt².

4. að við 4. grein sé bætt þessari ákvörðun: „Þó skal hverjum, sem getur fært ljós rök fyrir því, að jörð sín sé rangt metin, 5 fyrstu árin eptir löggilding jarðabókarinnar heimilt að bera fram ástæður sínar við stjórnina, til þess að fá matinu breytt".

Um 1. uppástunguatriðið í álitsskjali alþingis skal þess getið, að árið 1857 kom þegar fram á þinginu áþekk uppástunga um, að frestað yrði löggilding jarðabókarinnar, en sú uppástunga var þá felld með 13 atkvæðum gegn 6, og fallizt á, að jarðabókin þegar í stað skyldi öðlast lagagildi. Í álitsskjali þingsins það ár um málefni þetta er það meðal annars tekið fram, og það með rökum, þessu til styrkingar, að hér væri eigi að gjöra um jarðamat, sem alþýða ekkert vissi um, á hverju það væri byggt, eða hvernig það hafi ráðið til lykta, fyr en það hafi verið alþíð og látið fá gildi um land allt, heldur sé hér einungis að ræða um jarðavirðing, er lögin hafi lagt í hendur landsmönnum sjálfum, og

- 1) Þessi kafli 2. greinar í frumvarpinu er þannig hljóðandi: „þó áskilst þeim prestum, sem eru í kallinu þegar hin nýja jarðabók öðlast lagagildi, réttur til að taka preststíund sína af jörðunum eptir hinum eldri dýrleik jarðanna, á meðan þeir eru í því sama kalli, svo framt jarðartíundin er á þann hátt rifari, en ef hún væri reiknuð eptir hinni nýju jarðabók."
- 2) Fyrri kafli 3. greinar í frumvarpinu er þannig hljóðandi: „Enn fremur skal farið eptir hinni nýju jarðabók, þá er ákveða skal hinn svo nefnda skatt, að því leyti sem það er sumstaðar venja, að leggja saman, þegar svo stendur á, fasteign og lausafé til þess að reikna út skattinn".

1861.

1. apríl.

síðan (við yfirmatið) gefið hverjum jarðeiganda og ábúanda kost á að bera sig upp undan öllum ójöfnum á matinu í því og því héraði. Við þetta bætist, að eptir að búið var að virða allar jarðir í hverjum hrepp á landinu árin 1849 og 1850, samkvæmt tilskipun 27. maím. 1848, voru eptirrit af virðingargjörðunum lögð fram á hverjum kirkjustað, öllum hreppsþúum í hverjum hrepp til sýnis, á þeim tíma, er leið frá virðingargjörðinni og þangað til yfirmat það fór fram, sem fyrir skipað er í 4. grein tilskipunarinnar, og var þá skorað á menn að koma innan tiltekins tíma fram með þær umkvartanir, er þeir kynnu hafa um virðing þá, er hefði verið lögð á jarðir þeirra, til þess endurskoðendur matsins í héraðunum gætu lagt á þær úrskurð sinn. Þegar jarðamatið var fullbúið, var það síðan lagt fyrir alþingi 1853, til þess það segði um það álit sitt, og lét þá þingið þá skoðun í ljósi, að jarðamatið, að fáeinum undantekningum fráskildum, væri rétt og jafnt, ekki einungis í hverjum hrepp út af fyrir sig, heldur og í hreppunum innbyrðis í hverri sýslu, en þar á móti vantaði jöfnuð þenna þegar sýslurnar væru bornar saman hvor við aðra, og stakk því þingið upp á að setja þriggja manna nefnd í Reykjavík, til að jafna þessar misfellur og til að laga aðra galla, er þóttu vera á jarðamatinu. Innanríkisstjórnin, er íslenzk mál þá heyrðu undir, bjó þessvegna til uppástungu um það, hvernig jarðamatið yrði leiðrétt með hagfeldustu móti, og var sú uppástunga síðan borin undir álit alþingis 1855, og síðan eptir tillögum þingsins sett 3 manna nefnd (og kaus þingið 2 af nefndarmönnum) til þess að rannsaka og leiðrétta jarðamatið, samkvæmt þeim skoðunum, er alþingi hafði látið í ljósi. Álitskjal nefndariunnar var síðan lagt fyrir alþingi 1857; rannsakaði þingið það nákvæmlega, og féllst á það að mestu leyti og játaði, að það væri, þegar á allt er litið, vel af hendi leyst, og yrði til verulegra bóta; en með því þingið einnig fór fram á að hafa skyldi 3 deila (einn deili fyrir hvert amt) til að ákveða dýrleik hvernjar jarðar fyrir sig, í stað þess að stjórnin og nefndin hafði gjört ráð fyrir, að einungis einn deili skyldi við hafa um allt land, en stjórninni eigi þótti vera ástæða til að fallast á

1861. þessa breyting, þá var þetta aðalástæðan til þess, að málið á ný
1. aprílm. var borið undir álit alþingis árið 1859.

Eptir allri þeirri aðferð, er þannig hefir verið viðhöfð frá upphafi við tilbúning jarðabókar þessarar, og með því málið hefir verið rætt á alþingi á fjórum hinum síðustu þingum, þá virtist ekki vera nein gild ástæða til að fresta lengur löggilding jarðabókarinnar, en ef fallizt væri á uppástungu alþingis, að auglýsa jarðabókar frumvarpið um land allt, og á þann hátt bjóða landsbúum að koma fram með mótbárur sínar móti jarðabókinni, sem nú þegar er fullbúin, þá gæti hæglega svo farið, að öllu verkinu yrði svo að segja kollvarpað, og yrði þá aptur að byrja frá upphafi að nýju; á þetta er og vikið í álitsskjali alþingis 1857; einnig hafa ýmsir þingmenn mjög fastlega tekið það fram á síðasta alþingi. Það er eigi heldur neinn efi á því, að allflestir eigendur þeirra jarða, sem hækkaður hefir verið dýrleiki á með hinu nýja jarðamati, mundu nota tækifærið til að biðja um, að því yrði breytt; svo mundu og þeir menn, er frá upphafi hafa verið mótsöðumenn hinnar nýju jarðabókar, fá æskilegt færi á að vekja nýjar æsingar gegn öllu jarðamatinu. Sú uppástunga alþingis, sem hér er um rætt, virðist þar að auki vera svo óákveðin, að hún jafnvel af þeirri ástæðu ekki verður tekin til greina; því eptir uppástungu þessari á stjórnin á haganlegasta hátt að laga þá galla, sem þykja vera á jarðamatinu, þar sem ástæða þykir til vera, en að öðru leyti hefir alþingi ekki sæð sér fært að tiltaka nákvæmar, hvernig skyldi að farið í þessu efni. Þareð það nú ekki mundi ráðlegt fyrir stjórnina, að skera úr málum þessum sem umboðslegum málum, mundi verða nauðsynlegt að setja eina eður fleiri nefndir til þess nýjar rannsóknir gætu fram farið á Íslandi, og leita síðan álits alþingis um það, eður með öðrum orðum, það yrði að byrja á ný frá upphafi, og þetta yrði ekki að eins mjög kostnaðarsamt, heldur mundi það og olla miklu lengri drætti á jarðamatinu en alþingi sjálft vill.

Þar sem skýrskotað hefir verið til þess, að aðferð sú, sem alþingi hefir stungið upp á, sè samkvæm þeirri aðferð, sem hafi verið viðhöfð þá er nýtt jarðamat var lögleitt í konungsríkinu, þá ber þess að geta, að þessu er engan veginn þannig varið;

1861.

1. aprilm.

Því fyrst og fremst fara uppástungur alþingis miklu lengra en átti sér stað í konungsríkinu eptir opnu bréfi 24. júní. 1840, þar sem þingið fer fram á að ekki einungis jarðeigendurnir, heldur landsmenn yfir höfuð, þ. e. hver og einn, skyldi eiga kost á að benda á hina helztu galla, sem enn kynnu vera á jarðmatinu; og í öðru lagi er það aðgætaði, að við endurskoðun jarðamatsins, er fram fór á Íslandi árið 1850, var jarðeigendunum nægilega gefinn kostur á að láta í ljósi, hvað þeim þætti jarðmatinu óbótavant, á líkan hátt og gjört var í konungsríkinu árið 1840, en þó með hagfeldara móti. Það virðist nú svo, sem menn eigi að láta lenda við þetta, að því leyti snertir dýrleik einstakra jarða, og þetta er einnig með berum orðum tekið fram í uppástungum þeim um leiðrétting jarðamatsins, er innanríkisstjórnin samdi árið 1855, og það ár voru lagðar fyrir alþingi; komu þá engar mótbárur fram gegn þessu af þingsins hálfu, en þar á móti féllst þingið á þá skoðun stjórnarinnar, að einungis gæti orðið umtalsmál að jafna þær misfellur, er þóttu vera á matinu í hreppum eða þó einkum sýslum, þegar einn hreppur eða sýsla væri borin saman við annan hrepp eða sýslu, og þetta var því aðalætluarverk jarðamatsnefndarinnar í Reykjavík. Þess skal og getið um þetta atriði í álitsskjali alþingis, að uppástunga þingsins um að gefa landsmönnum enn á ný kost á að fá jarðmatinu breytt, að eins var samþykkt með eins atkvæðis mun (13 atkvæði móti 12), og að þeim, er gáfu atkvæði móti uppástungunni, þótti ástæða til að neyta réttar þess, sem 61. grein tilskipunarinnar veitir minni hlutanum til að koma fram með atkvæði sitt.

Eptir því, sem nú hefir sagt verið, hefir þótt vera næg ástæða til nú þegar að löggilda jarðabókarfrumvarpið, þannig, að hin nýja jarðabók fái lagagildi 6. júní. 1862, og að gjöld sæu tekin eptir henni í fyrsta skipti í fardögum 1863.

Í hinu 2. uppástunguatriði í álitsskjali alþingis er farið fram á breyting á 2. grein frumvarpsins, og lítur sú breyting að því, að ríkissjóðurinn skuli endurgjalda prestum þeim og sýslumönnum, sem eru í embættum þegar hin nýja jarðabók öðlast lagagildi, það sem þeir missa í við það, að eptir

1861.
1. aprílm.

Því, sem ákveðið er í greininni, á að gjalda tíundina eptir hinni nýju jarðabók. Í frumvarpinu var engin ákvörðun um þetta efni, að því, er snertir sýslumennina, en þar á móti var leitast við að sjá prestunum borgið fyrir missi þeim, er þeir kynnu að verða fyrir, af því, að jarðarhundruðin, sem preststíundin að nokkru leyti er goldin af, í sumum prestaköllum eru færri eptir nýju jarðabókinni, en eptir þeirri, sem nú er í gildi, á þann hátt, að við ákvörðunina um tíundargjaldið eptir nýju jarðabókinni var bætt þeirri undantekning, að þeim prestum, sem væru komnir í embættin, þegar hin nýja jarðabók öðladist lagagildi, skyldi áskilinn réttur til að taka preststíund sína af jörðunum, eptir hinum eldri dýrleik þeirra, á meðan þeir væri í hinu sama kalli, svo framarlega sem jarðartíundin á þann hátt yrði rífari, en ef hún væri reiknuð eptir hinni nýju jarðabók. Þessi ákvörðun var sett í frumvarpið samkvæmt uppástungu alþingis árið 1857, og nefnd sú, er kosin var í málið 1859, komst einnig að þeirri niðurstöðu, að ákvörðun þessi ætti að vera óbreytt, og þótti nefndinni einkum ísjárvert að stinga upp á, að endurgjaldið yrði greitt úr ríkissjóði, er svo megi ætlast á, að það verði alls frá 300 til 400 ríkisdala, og fyrir hvern einstakan prest frá 1 ríkisdal eður þaðan af minna til 15 ríkisdala. Alþingi hefir nú reyndar tekið það fram sem ástæðu fyrir uppástungu sinni, að ákvörðun frumvarpsins hafi ollað nokkurri óánægju meðal bænda, með því hún í raun og veru raski, þó í litlu sæ og aðeins um stundarsakir, þeim innbyrðis jöfnuði, sem gjaldendur sýnist eiga sanngjarna kröfu á, og að þingið ekki geti bent á neinn annan veg, er sanngjarnari sæ og í öllu tilliti aðgengilegri, en að prestarnir fái endurgoldið úr ríkissjóðnum það, er þeir kynnu að missa í af tekjum sínum við löggilding jarðabókarinnar. En eins og stjórnin í raun og veru eigi getur sæð, hvernig það verði heimitað með sanngirni, að ríkissjóðurinn beri gjöld, er af þessu fljóta, þannig verður það eigi heldur viðurkennt, að ákvörðunin gefi almenningi ástæðu til nokkurrar óánægju, því bæði er hún samkvæm uppástungu alþingis 1857, eins og áður er á vikið, og svo er hær rætt um gjald, sem er sárlítið fyrir hvern gjaldþegn, en það er sá mismunur, sem kemur fram af því, að einn fjórði

1861.

1. apríl.

hluti jarðartíundarinnar er goldinn eptir hinum forna jarðadýrleik en ekki eptir hinum nýja, og þetta jafnvel aðeins um stundar sakir, meðan sami presturinn er í brauðinu. Við þetta bætist, að gjaldþegnarnir ekki eiga að greiða hærri tíund en að undanfögnu, þó ákvörðun frumvarpsins sé gjörð að lögum, og þeir hafa eigi að síður hag af löggilding hinnar nýju jarðabókar, með því þeir að öðru leyti greiða minni tíund en áður, vegna þess að jarðir þeirra eru settar niður, og virðist svo, sem þeir því síður hafi gilda ástæðu til umkvartana.

Eins og þannig ekki hefir virzt vera ástæða til að breyta frumvarpinu, að því leyti er snertir prestana, svo hefir eigi heldur þótt vera næg ástæða til að setja neina ákvörðun í þessu efni um sýslumennina. Reyndar er konungstíundin í nokkrum sýslum leigð sýslumönnum, og með því jarðadýrleikinn er nokkuð lækkaður í sumum af sýslum þessum, missa þeir af tekjum sínum, sem annars eru litlar; en þetta nemur þó mjög litlu, og ber þess að gæta, að nefnd sú, er kosin var í málið á alþingi, hefir haldið, að allur tekjumissir sýslumanna mundi nú sem stendur nema hér um bil 110 ríkisdöllum á ári, en það er ljóst, að þetta er of hátt metið; því nefndin hefir ekki að eins talið þær sýslur, þar sem konungstíundin er seld sýslumönnum á leigu, heldur og þær sýslur, þar sem sýslumenn fá sjöttung tíundar þessarar í umboðslaun, fyrir það er þeir krefja hana af gjaldþegnum og standa síðan ríkissjóðnum skil á henni, en á þetta verður með engu móti fallið, því það er vitaskuld, að sýslumenn í þessum síðustu sýslum ekki eiga heimting á meiru en sjöttungi þess, er þeir heimta fyrir ríkissjóðinn. Við þetta bætist þar að auki, að þessi rýrnun á tekjum nokkurra sýslumanna, sem er afleiðing af almennum lagaráðstöfunum, varla veitir þeim rétt til endurgjalds, og það því síður, sem flestir embættismenn þessir, ef ekki allir, hafa verið skyldaðir til, þá er þeim voru veitt embættin, að láta sér lynda þær breytingar, sem nauðsynlegt kynni verða að gjöra á tekjum þeirra.

Í fyrri kafla 3. greinar í frumvarpi stjórnarinnar var ákvörðun um, að farið skyldi eptir hinni nýju jarðabók, þá er ákveðið skal hinn svo nefnda skatt, að því leyti sem það er sumstaðar

1861.
1. aprílm.

venja að leggja saman, þegar svo stendur á, fasteign og lausafé til að reikna út skattinn. Eins og áður er á vikið hefir alþingi beðið um, að þessi ákvörðun yrði úr felld, og hefir því til styrkingar verið tekið fram, að með henni virtist vera samþykkt sú aðferð, sem á ýmsum stöðum sé farin að smeygja sér inn, að sýslumenn heimti skatt af samanlögðu lausafé og fasteign, en með því alþingi áleit slíka aðferð ranga, þótti því réttast að sleppa ákvörðuninni um, að farið skuli eftir hinni nýju jarðabók, þá er reikna skal skattinn, þar sem það hefir verið venja að byggja skylduna til að greiða skatt að nokkru leyti á fasteign. Þó það nú sé full-ljóst af ástæðunum fyrir grein þessari í frumvarpinu, að ákvörðunin enga breyting gjörir á reglum þeim, sem hingað til hefir verið farið eftir um skattheimtuna, og að sýslumenn því ekki eftir þessari ákvörðun gætu lagt saman fasteign og lausafé til að reikna af skattinn, þar sem ekki er heimild fyrir því í eldri ákvörðunum eður slíkri venju, sem um er rætt í rentukammerbréfi 28. aprílm. 1832, þá er það á hinn bóginn víst, að það skiptir litlu, hvort haft er tillit til hins forna eður nýja jarðadýrleika, þegar slík samlagning getur átt sér stað, og með því ákvörðun þessi einkum var sett í frumvarpið til þess ekki vantaði ákvörðun um það atriði, þótti það engum vankvæðum bundið að láta hana falla burt úr 3. grein eftir uppástungu þingsins.

Að síðustu hefir alþingi í 4. niðurlagsatriði álitsskjalsins stungið uppá, að við 4. grein frumvarpsins sé bætt þeirri ákvörðun, að hverjum, sem getur fært ljós rök fyrir því, að jörð sín sé rangt metin, skuli 5 fyrstu árin eftir löggilding jarðabókarinnar heimilt að bera ástæður sínar fyrir stjórnina, til þess að fá matinu breytt. En ekki hefir virzt vera ráðlegt að gjöra slíka ákvörðun. Alþingi hefir reyndar þótt þetta vel til fallið, þar eð verið gæti, að stórfelldir gallar reyndust á skuldsetning einstakra jarða, en mikið væri undir því komið, að hin nýja jarðabók yrði almenningi sem aðgengilegust, og næði sem fyrst fullri staðfestu og hylli alþýðu. En eftir því, sem tekið hefir verið fram áður um 1. niðurlagsatriðið í álitsskjali alþingis verður að álíta, að við svo búið eigi að standa um skuldsetning jarðanna,

eins og hún er orðin eptir þær endurskoðanir á jarðamatinu, sem hvað eptir annað hafa fram farið, og eigi jarðamatið að geta náð nokkurri staðfestu, er það einmitt nauðsynlegt að girða nú fyrir nýjar endurskoðanir, og ekki leyfa þær fyr en sá tími er liðinn, sem til er tekinn í 4. grein, en það eru 20 ár frá þeim degi, er hin nýja jarðabók öðlast lagagildi.

1861.

1. aprilm.

16. Opið bréf um það, hvernig endurgjalda skuli kostnað þann, er risið hefir af jarðamatinu á Íslandi, og til bráðabyrgða hefir greiddur verið úr jarðabókar-sjóði Íslands. 1. aprilm.

Vér Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vorsa trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs um það, hvernig endurgjalda skuli kostnað þann, er risið hefir af jarðamatinu á Íslandi, og til bráðabyrgða hefir greiddur verið úr jarðabókar-sjóði Íslands, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Kostnað þann, er risið hefir af jarðamatinu á Íslandi, og til bráðabyrgða hefir greiddur verið úr jarðabókar-sjóði Íslands, að upphæð 8,360 rdl. 82 sk., skal endurgjalda jarðabókar-sjóðnum á þann hátt, að honum sé jafnað niður á allar jarðir í landinu, þannig, að gjalda skal $9\frac{1}{4}$ skilinga af hverju jarðar-hundraði, sem til er fært í hinn nýju jarðabók.

2. gr.

Gjald þetta skal eigandi hvernjar jarðar skyldur að greiða, eða, ef hann ekki sjálfur býr á jörðinni, ábúandi hennar, en hann skal eiga rétt á að fá það endurgoldið hjá eiganda; skulu